

Mál nr. 348/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.****Ágreiningur um hvort tjón hafi verið tilkynnt of seint.****Gögn.**

175. Málskot, móttakið eftir 9.10.2013, ásamt fylgigögnum.

176. Bréf X, dags 29.10.2013, ásamt fylgigögnum.

177. Síðari athugasemdir M, dags. 19.11.2013.

Málsatvik.

Hinn 9.1.2008 varð M fyrir líkamstjóni er hún ók bifreið sinni, A, aftan á að aðra bifreið á Miklubraut í Reykjavík. Hún leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans og í læknaþreffi deildarinnar frá sama degi segir að M hafi ekki fundið fyrir miklu í byrjun „en síðan verkir í hálsi, herðum og höfuðverk.“ Þá kvartaði M um dofatilfinningu í hægri kinn. Var hún greind með tognun og ofreynslu á hálsþrygg og fékk almenna ráðgjöf vegna hálstognunar og lyfseðil fyrir lbufen. Í nóvember 2009 leitaði M til bæklunarlæknis vegna verkja í hægri hné sem sendi hana í segulómun af hnénu en sú rannsókn hafi reynst næstum innan eðlilegra marka. Kvaðst lækurinn hafa gefið M bólgueyðandi og deyfandi sprautu í hnéd. Síðar hafi svo M leitað til hans fyrir tilstuðlan lögmanns síns. Ekki er ljóst hvenær það hefur verið, en þá hafi M kvartað um áframhaldandi verki í allri hryggisúllunni alveg frá hálsi og niður í bak og út í hægri hand- og ganglim, en eftir skoðanir og rannsóknir taldi lækurinn að ekki væri þörf á frekari rannsóknum né meðferð að frátaldri sjúkrahjálfun sem hún þyrfti að halda áfram með um óákveðinn tíma. Í vottorði læknis á heilsugæslustöð, dags. 17.4.2013, kemur fram að M hafi fyrst leitað á heilsugæslustöðina í janúar 2013 vegna þráláttra höfuðverkja sem hún kvaðst rekja til slyssins, svo og vegna verkja við vissar hreyfingar á hálsi og verki niður í hægri öxl og niður í bak hægri megin.

Með tilkynningu 31.1.2013 hefur M krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið hafi verið tilkynnt of seint, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.).

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Samkvæmt gögnum málsins, eins og að ofan greinir, leitaði M á slysa- og bráðadeild sama dag og slysið varð. U.þ.b. einu ári og átta mánuðum síðar, eða í nóvember 2009, leitaði hún til bæklunarlæknis vegna einkenna í hægri hné án þess þó að séð verði með skýrum hætti að einkenni þessi hafi á þeim tíma verið tengd við slysið. Í janúar 2013 leitaði M svo til heilsugæslulæknis vegna þráláttra höfuðverkja og verkja í hálsi sem leiddu niður í hægri öxl og hægri bak og hún rakti til slyssins. Engin gögn liggja svo fyrir um gang sjúkdómseinkenna hennar að öðru leyti en hér að framan greinir. Þannig verður ekki séð að hún hafi verið í markvissri læknismeðferð í því skyni að lækna sjúkdómseinkenni þau sem hún rekur til slyssins ellegar að draga úr einkennunum allar götur frá því slysið varð uns það var tilkynnt X í lok janúar 2013. Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja því fyrir um heilsufar M um fimm ára skeið áður en hún tilkynnti X um slysið og hvað hún hafi á þeim tíma mátt gera sér grein fyrir um afleiðingar slyssins, þ. á m. hvort þær yrðu varanlegar. Með því að tilkynna slysið svo

seint sem raunin var hefur M sýnt tómlæti sem leiðir til þess að hún hefur glatað bótakröfu sinni á hendur X, sbr. fyrrgreint lagaákvæði. Þegar af þeirri ástæðu er tjónið ekki bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Síðari athugasemdir M hafa enga þýðingu fyrir úrslit málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 26. nóvember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.